



Kjörfjölskyldan

Ættleidd börn og foreldrar þeirra

Ester Gunnarsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kjörfjölskyldan
Ættleidd börn og foreldrar þeirra

Ester Gunnarsdóttir
300984-3399

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarmaður: Anni G. Haugen

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Ester Gunnarsdóttir 2013

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Heimildaritgerð þessi byggir umfjöllun sína á þeim þörum sem glíma við ófrjósemi og ákvörðun þeirra um að ættleiða barn. Hugtakið ættleiðing er skoðað út frá sjónarhorni fjölskyldunnar þar sem áhersla er lögð á kjörbarnið.

Í okkar samfélagi er litið á barneignir sem ákveðið samfélagslegt viðmið. Á Íslandi er viðhorf til barneigna jákvætt en því miður eiga ekki öll þör kost á að eignast barn án aðstoðar vegna ófrjósemis. Sú staðreynd getur verið mikið áfall fyrir þör í fjölskyldu hugleiðingum. Sum þör leggja mikið á sig til að stofna til fjölskyldu og ganga oft í gegnum mikla erfiðleika til þess að verða foreldrar en þau úrræði sem almennt eru í boði vegna ófrjósemis eru glasafrjóvgun, staðgöngumæðrun eða ættleiðing. Í því sambandi er yfirleitt litið á ættleiðingu sem lokaúrræði eftir að aðrar leiðir hafa verið reyndar án árangurs. Rannsóknir hafa sýnt að ættleiðingarferlið er langt, andlega erfitt og kostnaðarsamt fyrir væntanlega kjörforeldra, ættleiðing er því ekki á færi allra. Þör sem taka þá ákvörðun að ættleiða sjá í flestum tilfellum ekki eftir því þegar barnið er komið heim, en þrátt fyrir að ættleiðingarferlið sjálft sé yfirstaðið er ekki þar með sagt að allri vinnu sé lokið. Við tekur aðlögun bæði foreldra og barns ásamt uppeldinu sjálfu. Þeir foreldrar sem taka ákvörðun um að ættleiða þurfa að undirbúa sig andlega fyrir komu barnsins og væntra þarfa þess. Því er mjög mikilvægt að þör sem ætla sér í barneignir sama eftir hvaða formi sem það er taki ákvörðunina í sameiningu.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar sýndu að ferlið sem fylgir ættleiðingu reynir í flestum tilfellum mikið á andlega líðan væntanlegra kjörforeldra en rannsóknir sýna að tíminn, orkan og allt erfiðið sem fylgir ættleiðingarferlinu hafi verið vel þess virði þegar upp er staðið. Rannsóknir sýndu einnig að flest þeirra barna sem ættleidd eru milli landa ná að þroskast vel bæði félagslega og andlega. Stærsti áhrifapátturinn er aldur barns við ættleiðingu, en því yngra sem barnið er við ættleiðingu þess minni líkur eru á vandamálum. Fáar rannsóknir hafa verið framkvæmdar hér á landi í tengslum við ættleiðingar og því eru niðurstöður ritgerðarinnar að mestu byggðar á erlendum rannsóknum.

Formáli

Eftirfarandi heimildarritgerð er unnin til BA gráðu í félagsráðgjöf. Hún er skrifuð vorið 2013. Ég vil byrja á að þakka Anni G. Haugen fyrir leiðbeiningu við gerð ritgerðarinnar. Ég vil einnig þakka eiginmanni mínum og börnum fyrir ómælda þolinmæði á meðan á skrifum þessarar ritgerðar stóð. Að lokum vil ég þakka Kristni Ólafssyni, Cecilie B. Hjelvik Björgvinsdóttur og Andra Þór Kristinssyni fyrir yfirlestur á ritgerðinni. Án stuðnings og aðstoðar ofangreindra aðila hefði þessi ritgerð verið óframkvæmanleg.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Formáli.....	2
Efnisyfirlit.....	3
Töfluskra.....	5
1 Inngangur	6
2 Fjölskyldur í nútímasamfélagi	8
2.1 Stækkun fjölskyldu og sú tilhlökkun að verða foreldri	8
3 Ófrjósemi	9
3.1 Ýmis úrræði við ófrjósemi.....	10
3.1.1 Tæknifrjóvgun	10
3.1.2 Staðgöngumæðrun	11
3.1.3 Ættleiðing	12
4. Ættleiðing	12
4.1 Almenn um ættleiðingar	14
4.1.1 Uppruni ættleiðingar.....	14
4.1.2 Ólíkar tegundir ættleiðinga	15
4.1.3 Að taka skrefið	17
4.1.4 Undirbúningur fyrir væntanlega kjörforeldra	17
4.1.5 Skilyrði fyrir ættleiðingu á erlendu barni	18
4.2 Ættleiðingarferlið – frá umsókn að heimkomu	19
4.3 Ástæður fyrir ættleiðingu	19
4.4 Bakgrunnur þeirra sem ættleiða	20
5. Eftir ættleiðingu.....	20
5.1 Erfiðleikar eftir ættleiðingu	20
5.1.1 Þunglyndi.....	21
5.1.2 Tengslamyndun	22
5.1.3 Tengslamyndun meðal ættleiddra barna.....	23
5.2 Að ættleiða barn með sérþarfir	23
5.2.1 Geðrænir erfiðleikar.....	23
5.2.2 Fötlun og þroskahömlun	24

5.3 Ættleidd börn sem fullorðnir einstaklingar	25
6. Stuðningur fyrir kjörforeldra og kjörbarn eftir ættleiðingu	27
6.1 Stuðningur fyrir kjörforeldra	27
6.2 Stuðningur fyrir kjörbörn.....	28
6.3 Hlutverk félagsráðgjafa.....	29
6.3.1 Hlutverk félagsráðgjafa í tengslum við ættleiðingarmál.....	29
7. Íslenskar rannsóknir um ættleiðingar	30
8. Umræða.....	31
Heimildaskrá.....	34

Töfluskra

Tafla 1. Aldur ættleiddra barna til Íslands frá öðru landi.....	13
Tafla 2. Fjöldi ættleiðingar eftir gerð ættleiðingar.....	16

1 Inngangur

Að verða foreldri er fyrir flesta mikilvægur hluti af lífinu. Að eignast barn og vera viðstaddur fæðingu eigin barns er viðburður sem flestir vilja upplifa á lífsleiðinni. Það að stofna og vera hluti af fjölskyldu er þörf sem flestir finna fyrir. Þegar hinsvegar í ljós kemur að sá möguleiki að eignast barn á hefðbundinn hátt er ekki fyrir hendi vegna ófrjósemi verða þör gjarnan fyrir miklu áfalli og upplifa mikla sorg og vanlíðan. Áður en ákvörðun er tekin um að reyna aðrar leiðir við barneignir er nauðsynlegt að vinna úr áfallinu.

Flest þeirra þara sem hafa reynt til lengri tíma barneignir á hefðbundin hátt án árangurs, taka þá ákvörðun að leita sér læknisfræðilegrar aðstoðar til þess að eignast barn. Algengt er að þau þör sem ekki ná árangri með slíkri aðstoð, íhugi þann kost að ættleiða barn. Ákvörðun um ættleiðingu er stór ákvörðun sem þör verða að taka í fullri sátt og sameiningu að vel ígrunduðu máli. Ættleiðingum barna frá erlendu landi fylgir langt undirbúningsferli þar sem umsækjendur þurfa að uppfylla ýmis skilyrði til þess að fá svokallað *forsamþykki* fyrir ættleiðingu. Ættleiðingar eru kostnaðarsamar þar sem greiða þarf fyrir uppihald, lögfræði- og dómskostnað auk ferðakostnaðar. Það reynir oft mikið á tilfinningar væntanlegra kjörforeldra að þurfa að bíða eftir staðfestingu á ættleiðingu barns en sú bið getur verið löng. Bakgrunnur ættleiddra barna getur verið mismunandi eftir því frá hvaða landi þau koma, börnin hafa oft þurft að búa við erfiðar heimilisaðstæður og skortir gjarnan þá tengslamyndun við foreldri eða uppálendur sem er nauðsynleg til að byggja upp eigið sjálfsálit og traust til annarra.

Við gerð þessarar heimildarritgerðar var stuðst við nokkrar rannsóknarspurningar til hliðsjónar, en þær eru: *Hver er bakgrunnur ættleiddra barna? Hver er helsta ástæðan fyrir því að þör taka þá ákvörðun að ættleiða barn? Hvaða erfiðleikar geta fylgt því að ættleiða barn?*

Markmið með þessari BA ritgerð er fyrst og fremst að auka þekkingu á ættleiðingu. Auk þess að skoða hvaða erfiðleikar geta fylgt ættleiðingu, hvort sú aðstoð sem einstaklingar/þör í ættleiðingarferli þurfa á að halda sé fullnægjandi ásamt hlutverki félagsráðgjafa í gegnum ferlið og eftir ættleiðingu.

Þar sem ófrjósemi er ein helsta ástæðan fyrir því að þör ættleiða barn verður leitast við að varpa ljósi á ófrjósemi og hvaða úrræði eru í boði fyrir þör sem glíma við

ófrjósemisvanda. Ættleiðing og ófrjósemi eru tvö ólík hugtök en eiga það sameiginlegt að samhliða ferlum beggja getur fylgt álag, kvíði, streita og löng bið. Tímasetning ákvörðunar um ættleiðingu er í raun vendipunktur í lífi viðkomandi pars, en henni fylgir oft ákvörðun um að hætta öðrum meðferðum og snúa sér að framtíðinni með það fyrir augum að ættleiða barn.

Ástæðan fyrir vali á efni þessarar ritgerðar var mikill áhugi á ættleiðingarmálum. Að eignast barn er ekki sjálfsagður hlutur eins og fram hefur komið, ættleiðing barns er hinsvegar úrræði með tvær hliðar, annarsvegar getur ættleiðing verið til mikilla bóta á lífsgæðum ættleidda barnsins, en einnig fyrir væntanlega foreldra sem ekki geta uppfyllt ósk sína á að stækka fjölskylduna með öðrum hætti. Mikill áhugi var fyrir því að kynnast einnig betur aðstæðum og bakgrunni þeirra barna sem eru ættleidd og hvernig ættleiðingin myndar ný tengsl á milli fjölskyldumeðlima. Heimildanotkun við þessa ritgerð var í gegnum veraldarvefinn, íslenskar og erlendar ritrýndar bækur og tímaritsgreinar. Einnig er nýttur íslenskur og erlendur gagnagrunnur til þess að afla upplýsinga um erlendar rannsóknir sem tengjast efninu.

2 Fjölskyldur í nútímasamfélagi

Erfitt getur verið að gera grein fyrir hugtakinu fjölskylda þar sem ekki hefur verið hægt að setja fram eina staðlaða skilgreiningu sem allir eru sammála um. Flestir telja fjölskyldu innihalda tvo eða fleiri einstaklinga sem búa saman og eru blóðskyldir, eða hafa stofnað til hjúskapar. Í flestum tilfellum eru það tveir foreldrar og börn þeirra (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006). Í kringum 1950 var fjölskylda gjarnan mjög hlutverkaskipt, faðirinn var útivinnandi og vann fyrir nauðsynjum heimilisins á meðan móðirin var heimavinnandi, sá um uppeldi barnanna og hugsaði um börnin og heimilið. Mikil breyting hefur átt sér stað frá þessum tíma en í dag eru það konur að fara í auknu mæli út á vinnumarkaðinn (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Þrátt fyrir að breytingar hafi orðið á fyrirkomulagi fjölskyldunnar undanfarin ár telst hún þó enn vera fjölskylda. Aristóteles taldi fjölskylduna vera frumhóp hvernar manneskju og að það væri eðli mannsins að getað þróað þarfir og tilfinningar í samskiptum við aðra einstaklinga (Aristóteles, 1995). Félagsráðgjafar hafa haldið sig við nokkuð einfalda skilgreiningu á fjölskyldu en hún er „þeir sem búa saman“ (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Samkvæmt íslenskri orðabók er fjölskylda skilgreind sem foreldrar og börn þeirra, systkini eða húsráðendur og afkomendur þeirra (Íslensk orðabók, 2002). Samkvæmt Hagstofu Íslands samanstendur hin hefðbundna kjarnafjölskylda af hjónum og börnum þeirra sem eru yngri en 18 ára. Barn sem er 18 ára eða eldri telst ekki vera hluti af hinni hefðbundnu kjarnafjölskyldu (Hagstofa Íslands, e.d.).

Óhætt er að segja að í dag séu birtingarmyndir fjölskyldunnar margar og mjög ólíkar. Þegar talað er um ólíkt er bæði átt við hvernig þær myndast og hvernig þær haga sér í samfélaginu. Öll erum við ólík og öll höfum við mismunandi bakgrunn. Fjölskylda getur verið lítil eða stór, hún getur verið hamingjusöm eða óhamingjusöm og fjölskyldutengslin geta verið mismikil (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

2.1 Stækkun fjölskyldu og sú tilhlökkun að verða foreldri

Ákvörðunin um að eignast barn er sameiginleg ákvörðun þeirra sem eiga í sambandi. Í tengslum við barneignir þá er talað um innri og ytri barneignir. *Innri barneignir* eru þeir þættir sem geta haft áhrif á ákvörðun þara um að eignast barn. Dæmi um innri þætti eru félagsleg viðmið, persónuleiki og sjálfsímynd. Mörgum finnst það vera að víkja frá þeim viðmiðum um staðalímynd kjarnafjölskyldunnar, sem er mamma, pabbi og tvö börn, með því að fara ekki sömu leið. Hvort sem það er að eiga engin börn, eitt eða fleiri börn. *Ytri*

barneignir eru aftur á móti þeir þættir sem snúa að félagslegum aðstæðum parsins og hvernig það hefur áhrif á ákvörðun um að eignast barn. Félagslegur þrýstingur getur myndast á meðal fjölskyldumeðlima um barneignir og einnig ef vinir og kunningjar hafa jafnvel hafið barneignir. Líklegt er að umræður skapist meðal vina um hvort barneignir séu ekki á næsta leyti og það getur myndað pressu á önnur pör um að hefja barneignir (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Ekki hafa allir þann möguleika að ganga með eigið barn og mörg pör glíma við þá erfiðleika sem fylgja ófrjósemi, en á Íslandi eru um 15% para sem glíma við ófrjósemi og má því segja að ófrjósemi sé mun algengari en margir gera sér grein fyrir (ArtMedica, e.d.).

3. Ófrjósemi

Ófrjósemi hefur verið skilgreind af World Health Organization (WHO) þannig, að þegar kona sem er á aldrinum 15 til 49 ára vill eignast barn, hefur ekki orðið ófrísk áður, stundar reglulegt kynlíf án getnaðarvarna og hefur reynt það í tvö ár eða lengur án árangurs. Læknisfræðilega skilgreiningin á ófrjósemi er sú sama nema reynslutíminn er eitt ár eða lengur í stað tveggja. Mælingar hafa sýnt að hjá um 30% þeirra para sem leita sér aðstoðar vegna ófrjósemi liggur vandamálið hjá karlmanninum og hlutfallið er svipað hjá konum. Í 30% tilfella er vandamálið hjá báðum aðilum en 10% para fá enga skýringu á því af hverju þungun á sér ekki stað eða af hverju endurtekin fósturlát eiga sér stað (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Ástæður ófrjósemi geta verið margvíslegar. Hjá körlum getur vandinn verið stíflaðar sæðisrásir, engar eða ekki nægilega margar sæðisfrumur í sæðvökva til þess að þungun geti átt sér stað eða sæðfrumur eru gallaðar eða hreyfifærni þeirra er skert. Konur glíma við ýmis önnur vandamál svo sem vandamál í legi, eggjaleiðurum eða eggjastokkum, gæði eggjanna, legslímuflakk, blöðrur á eggjastokkum, eða stíflaðir eggjaleiðarar, almennt eru því fleiri ástæður sem gætu haft áhrif á frjósemi kvenna en karla. Mismikil frjósemi getur verið hjá pörum, allt frá því að vera mikil frjósemi til þess að vera engin frjósemi og geta kynsjúkdómar á borð við klamydíu haft áhrif á frjósemi hjá bæði körlum og konum. Þegar frjósemi er mæld er alltaf skoðuð sameiginleg frjósemi hjá pörum (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Ýmsir þættir geta haft áhrif á frjósemi bæði hjá konum og körlum en þeim þáttum er hægt að skipta niður í tvennt, einstaklingsþætti og samfélagsþætti. Einstaklingsþættir eru

líffræðilegar ástæður fyrir því að karl eða kona glími við ófrjósemi. Samfélagsþættir eru aðstæður sem við getum stjórnað, það eru þeir þættir sem við kjósum að lifa eftir svo sem vímuefnanotkun, áfengisneysla eða vinnuumhverfi en ýmis hættuleg efni sem finna má á mörgum vinnustöðum geta haft áhrif á frjósemi (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006). Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Goverde o.fl. (1998) á körlum með lítið magn af virkum sáðfrumum, kom í ljós að reykingar og áfengisneysla höfðu lítil sem engin áhrif á frjósemi þeirra sem rannsakaðir voru, hinsvegar þegar um var að ræða óhóflega áfengisneyslu mátti sjá að það hafði bein áhrif á frjósemi og dró það verulega úr framleiðslu eðlilegra sáðfruma (Goverde, Dekker, Janssen, Bastiaans, Rolland og Zielhuis, 1995).

3.1 Ýmis úrræði við ófrjósemi

Ýmis úrræði standa til boða fyrir pör sem glíma við ófrjósemi. Þau úrræði eru tæknifrjóvgun, staðgöngumæðrun og ættleiðing.

3.1.1 Tæknifrjóvgun

Tæknifrjóvgun er samheiti yfir þær aðgerðir sem hægt að framkvæma til að auka líkur á þungun. Stöðug þróun er á sviði tæknifrjóvgana í þeim tilgangi að finna leiðir til að takast á við ófrjósemi og auka líkur á þungun hjá pörum sem kljást við ófrjósemi. Undanfarin ár hefur verið sýnt fram á mikla þróun á þessu sviði og er óhætt að gera ráð fyrir enn frekari þróun í framtíðinni.

Fagaðilar sem starfa á sviði ófrjósemis ber að fylgja gildandi lögum nr. 55/1996 um tæknifrjóvgunar og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Lögin greina frá öllum helstu meðferðum sem til boða standa fyrir pör sem hyggjast fá aðstoð. Þau skilyrði sem einstaklingum ber að uppfylla áður en meðferð hefst eru talin upp í 3 gr. lagana en þar kemur fram að andleg heilsa og félagsleg staða parsins eða konunnar verði að vera góð, að barninu verði tryggt öruggu og þroskandi umhverfi og að fyrir liggi undirritað og vottað samþykki konunnar eða parsins um að framkvæma megi tæknifrjóvgun.

Tæknifrjóvgun er skilgreind skv. 1. gr. laga um tæknifrjóvgun nr. 55/1996 sem „...getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun.“ *Tæknisæðing* er framkvæmd á þann hátt að sæðisfrumur makans eða þriðja aðila eru settar uppí leghálsinn hjá konunni á þeim tíma sem egglos á sér stað. Eftir tæknisæðinguna gengst konan undir hormónameðferðir til að örva eggjöð og þar með auka líkur á þungun. *Glasafrjóvgun* er

meðferð þar sem eggfruma/ur eru settar í sérstakt ílát ásamt þúsundum sæðisfruma, frjóvgun á sér því stað utan líkama í þeim skilningi. Þar sem þróun tæknifrjóvgunar er hröð er nauðsynlegt að hafa gild lög sem tryggja að það sé unnið eftir réttum reglum og að það sé fylgst með þeim siðferðilegu álitamálum sem geta fylgt tæknifrjóvgun (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Tæknifrjóvgun fylgir yfirleitt mikill kostnaður sem er ein aðalástæðan fyrir því að þör nýta sér ekki tæknifrjóvgun sem úrræði við ófrjósemi. Ekki er hægt að tryggja að meðferðin heppnist í fyrstu tilraun eða yfir höfuð og þör gætu þurft að fara í margar ítrekaðar meðferðir án þess þó að vita hvort þær beri ávöxt að lokum (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

3.1.2 Staðgöngumæðrun

Staðgöngumæðrun er skilgreind á eftirfarandi hátt samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1996: „Tæknifrjóvgun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu“. Samkvæmt 5. gr.sömu laga kemur fram að staðgöngumæðrun er ekki lögleg á Íslandi en víða í öðrum löndum tíðkast þessi aðferð. Þó svo að staðgöngumæðrun sé ólögleg á Íslandi er það samt raunhæfur valkostur fyrir þör sem glíma ófrjósemi, en þess má geta að þessi valkostur hefur einnig verið nýttur af samkynhneigðum karlmönnum.

Hægt er að framkvæma staðgöngumæðrun á tvenna vegu, annarsvegar er það *hefðbundin staðgöngumæðrun* en þá er sæði tilvonandi föður og egg staðgöngumóðurinnar frjóvgað í þeim tilgangi að afhenda kynföður og maka hans barnið eftir fæðingu. Þessi aðferð er nokkuð auðveld í framkvæmd og er alfarið undir þörum komið hvernig þau vilja láta getnaðinn eiga sér stað. Hægt er að notast við *tæknisæðingu* (e. intrauterine insemination or intracervical insemination) sem á sér stað á læknastofu eða með *heimasæðingu* (e. home artificial insemination). Hefðbundnar samfarir er einnig aðferð sem hægt er að nota en sú aðferð er lítið notuð. Ef ekki er hægt að nota sæði verðandi föður er hægt að nota gjafasæði (Heilbrigðisráðuneytið, 2010). Hinsvegar er *full staðgöngumæðrun eða staðgöngumeðganga* þegar egg tilvonandi móður og sæði tilvonandi föður er frjóvgað en staðgöngumóðirin gengur með barnið. Þessi aðferð er ávallt framkvæmd á læknastofu í gegnum glasafrjóvgun þar sem staðgöngumóðirin hefur engin erfðafræðileg tengsl við barnið (Heilbrigðisráðuneytið, 2010).

Líkt og áður kom fram er staðgöngumæðrun ekki leyfð hér á landi en víða í öðrum löndum tíðkast hún. Margar ástæður eru fyrir því að einstaklingar og pör kjósa staðgöngumæðrun en meðal annars er það vegna endurtekinna fósturláta, endurteknar misheppnaðar tæknifrjóvganir eða vegna hentugleika móður þar sem hún treystir sér ekki til að ganga með barn. Þessar ástæður myndu teljast til óbeinna ábendinga til staðgöngumæðrunar en til beinnar ábendingar gæti ástæðan verið vegna sjúkdóms í legi, legnáms í kjölfar fæðingar vegna mikils blóðleysis eða vegna meðfædds legleysis (Heilbrigðisráðuneytið, 2010).

Ýmis siðferðisleg álitamál hafa komið upp varðandi staðgöngumæðrun frá því að hún varð leyfileg. Flest lönd byggja á þeim lögum um að staðgöngumóðirin sé móðir barnsins og það sé hennar ákvörðun hvort hún vilji gefa barnið frá sér eða ekki. Það hefur þó komið upp að staðgöngumóðirin hafi hreinlega hætt við að gefa barnið frá sér eftir að það er fætt. Slík tilvik eru mjög sjaldgæft og þá sérstaklega ef um fulla staðgöngumæðrun er að ræða, meginástæðan fyrir því að líkurnar eru minni ef um fulla staðgöngumæðrun er að ræða er vegna þess að staðgöngumóðirin tengist barninu ekki líffræðilega sem minnar líkurnar á því að hún tengist því þegar það er fætt (Brinsden, 2003).

3.1.3 Ættleiðing

Ættleiðing er það form fjölskyldumyndunar sem yfirleitt er farin ef eftir ítrekaðar misheppnaðar tilraunir til þungunar. Ættleiðing er því oft eina leiðin sem pör geta farið til þess að eignast barn og í flestum tilfellum lokaúrræði. Ýmis atriði þarf að hafa í huga varðandi ættleiðingar og í eftirfarandi kafla verður farið ítarlega yfir ættleiðingar allt frá því að ákvörðun er tekin að heimkomu og eftirfylgni.

4. Ættleiðing

Hugtakið ættleiðing hefur verið í stöðugri þróun undanfarin ár en því má best lýsa sem ákveðið verndarúrræði fyrir barn sem hefur ekki möguleika á því að eignast sína eigin fjölskyldu sem getur séð fyrir því og annast. Barnið fær þá tækifæri til að öðlast gott og þroskandi uppeldi, það býr við aðstæður þar sem það finnur til ástar og umhyggju sem nýtist því síðar til að stofna sína eigin fjölskyldu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Foreldrar sem ættleiða barn bera heitið kjörforeldrar og barnið heitið kjörbarn sbr. lög um ættleiðingar nr. 130/1999. Markmið með ættleiðingu er ekki að finna barn fyrir fjölskyldur sem geta ekki eftir

hefðbundnum leiðum eignast barn, heldur er það til þess að finna gott heimili fyrir barn sem skortir fjölskyldu. Meðalaldur ættleiddra barna hefur lækkað verulega á síðustu tuttugu árum, árið 1980 var meðalaldur barns við ættleiðingu 2,3 ár, árið 2001 var meðalaldur komin niður í 1 ár (Dalen, 2001). Frá árinu 2001 hefur meirihluti ættleiddra barna verið um eins árs eða yngri en eftirfarandi tafla sýnir aldur barna sem eru ættleidd til Íslands frá árinu 2001 til 2006. Þá má sjá að meðalaldur ættleiddra barna til Íslands á tímabilinu var um eitt ár og yngri (Hagstofa Íslands, e.d.).

Tafla 1. Aldur ættleiddra barna til Íslands frá öðru landi

Ár	Aldur			
	Á fyrsta ári	1. árs	2. ára	3. ára
2001	23	3	1	1
2002	4	14	0	0
2003	7	20	0	0
2004	2	25	0	0
2005	7	32	0	0
2006	1	8	1	0
Samtals	44	102	2	1

Að ættleiða erlent barn og þær breytingar sem fylgja geta haft mikil áhrif á fjölskyldulífið bæði fyrir foreldra og börn. Í þeim tilfellum þar sem barnið er komið á aldur til að átta sig á umhverfi sínu menningu og jafnvel siðum og venjum, gerir það ættleiðinguna meira krefjandi (Jórunn Elísdóttir, 2010). Á veraldarvefnum er hægt að nálgast ógrynni af efni sem tengist ættleiðingum á erlendu barni en þör sem hyggjast ættleiða erlent barn byrja gjarnan á því að afla sér upplýsinga þaðan. Þör leita upplýsinga um uppeldisaðferðir og hvaða áhrif ættleiðing getur haft á barnið. Þessar upplýsingar eru gjarnan ráðleggingar sem foreldrar nýta sér en þær geta stundum verið misvísandi og jafnvel mýtur. Erfitt getur verið fyrir foreldra að meta hvað er rétt og hvað ekki varðandi áhrif ættleiðingar (Narad og Mason, 2004).

4.1 Almennt um ættleiðingar

4.1.1 Uppruni ættleiðingar

Það er óhætt að segja að ættleiðingar séu ekki nýtt hugtak en hægt er að líta til baka til tíma Rómverja þar sem fyrstu lög um ættleiðingar voru sett. Þó svo að lög um ættleiðingar höfðu ekki breiðst út til annarra landa var algengt að ef fjölskyldur leystust upp einhverra hluta vegna þá var leitað til ættingja og þau beðin um að annast uppeldi barns. Tíðkaðist þetta um heim allan þó svo að lög skorti. Allsstaðar í heiminum voru börn tekin í fóstur og aðrir aðilar en foreldrar þess tóku að sér uppeldi þess ef foreldarnir voru ófærir um það af einhverjum orsökum. Í sumum löndum voru vel efnuð hjón sem tóku að sér barn sem var kallað tökubarn, þau ólu það upp þrátt fyrir að þau væru ekki eiginlegir foreldrar barnsins í lagalegum skilningi. Árið 1804 setti Napóleon fram lög um ættleiðingar sem gaf hjónum leyfi til að ættleiða barn sem væri búið að ná tuttugu og eins árs aldri gegn samþykkti þess. Samkvæmt lögnum varð kjörbarnið að hafa verið í umsjá kjörforeldranna hið minnsta í sex ár. Í hinum vestrænu löndum má segja að ættleiðingar hafi hafist um miðja nítjándu öld eða árið 1851 en þá voru lög sett fram í Massachusetts sem leyfðu Bandaríkjamönnum að ættleiða börn frá Evrópu. Hinsvegar var hagur barnsins ekki alltaf hafður í fyrirrúmi og það talið mjög líklegt að um vinnuþrælkun hafi verið að ræða þar sem börn voru oft á tíðum látin vinna langa vinnudaga (Van Gulden, Holly og Bartels-Rabb, 2007). Með tímanum breyttist þetta og með auknu eftirliti og bættu þjóðfélagi varð hagur barnsins sífellt mikilvægari þáttur í ættleiðingarferlinu (Símon Jóh. Ágústsson, 1964).

Á Íslandi hafa ættleiðingar verið að þróast með árunum og miklar breytingar hafa átt sér stað í tengslum við lög og reglugerðir. Mikil aukning á ættleiðingum varð frá árinu 1904 til 1962 en aukningin nam frá einu leyfi á ári til að meðaltali níutíu og sjö leyfa á ári. Fyrsta ættleiðingin frá öðru landi á Íslandi var árið 1969 en þá var barn frá Kóreu ættleitt til íslenskra fjölskyldu. Í kjölfarið var stofnað fyrsta félag kjörforeldra sem bar nafnið Ísland-Kórea (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

4.1.2 Ólíkar tegundir ættleiðinga


Ættleiðing er flokkuð niður í tvo flokka eftir því hvernig aðstæðum fjölskyldan er í. Í 1. gr. reglugerðar um ættleiðingu nr.238/2005 eru tegundir ættleiðingar skilgreindar sem annað hvort frumættleiðing eða stjúpættleiðing.

Frumættleiðing á sér stað þegar kjörforeldrar ættleiða barn sem er ekki barn maka þess eða sambúðarmaka sbr. í 1.gr. reglugerðar um ættleiðingar nr. 238/2005. Við það eru öll tengsl barnsins við fyrri fjölskyldu rofin og ný fjölskyldutengsl mynduð. Frumættleiðing getur verið bæði ættleiðing innanlands og á milli landa, semsagt ættleiðing íslensks barns jafnt og ættleiðing erlends barns. Frumættleiðing milli landa fer fram í gegnum löggilt ættleiðingarfélag en þau annast málefni ættleiðinga og er svokallaður milliliður í ættleiðingarferlinu sbr. 1.gr. reglugerðar um ættleiðingarfélög nr.453/2009. Á Íslandi er starfandi eitt löggilt ættleiðingarfélag sem er félagið Íslensk Ættleiðing. Ættleiðingarfélagið sér til þess að íslenskum lögum og reglum er fylgt eftir í ættleiðingarferlinu, þeim er skylt að veita öllum aðstoð við milligöngu ættleiðingar að uppfylltum skilyrðum til ættleiðingar sem koma fram í lögum.

Stjúpættleiðing er tegund ættleiðingar þar sem barn maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist er ættleitt sbr. 1.gr. reglugerðar um ættleiðingu nr. 238/2005. Barnið heldur sömu tengslum við annað foreldrið og myndar ný lagaleg tengsl við kjörforeldrið en býr enn á sama heimili. Tengsl milli hins foreldrisins og barnsins eru rofin til fulls, talið er að litlar líkur er á því að barnið finni fyrir miklum breytingum þar sem fjölskylduskipan helst nánast óbreytt. (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöður Hagstofu Íslands um fjölda stjúpættleiðinga á Íslandi borið saman við fjölda frumættleiðinga til Íslands frá öðru landi, frá árinu 2003 til 2006. Eins og sjá má hafa stjúpættleiðingar verið að aukast á meðan frumættleiðingar til Íslands frá öðru landi hefur farið fækkandi. Tíðni stjúpættleiðinga og frumættleiðinga frá öðru landi hafa líkt og sjá má verið nokkuð samstíga en árið 2006 má hinsvegar taka eftir miklum breytingum þar sem fjöldi stjúpættleiðinga eru töluvert fleiri en fjöldi frumættleiðinga frá öðru landi (Hagstofa Íslands, e.d.).

Tafla 2. Fjöldi ættleiðingar eftir gerð ættleiðingar



Í ættleiðingarmálum er komið að ættleiðingu á tvennskönar hátt, annarsvegar með sterkri ættleiðingu og hinsvegar veikri eða opinni ættleiðingu. *Sterk ættleiðing* (e. full adoption) er þegar tengsl milli kjörbarns og líffræðilegra foreldra eru rofin. Verið er að mynda ný fjölskyldutengsl við nýja foreldra og er almennt talið að það sé barninu fyrir bestu að tengsl við fyrri fjölskyldu séu lítil eða enginn. Þessi tegund ættleiðinga hefur tíðkast á öllum Norðurlöndum. Sterk ættleiðing á sér stað sérstaklega þegar kjörbarnið er nýfætt eða mjög ungt. Gott er hinsvegar að fá haldgóðar upplýsingar varðandi sjúkdóma eða önnur veikindi sem geta skipt máli frá fyrri foreldrum. *Veik eða opin ættleiðing* (e. open eða simple adoption) er þegar tengsl eru ekki endanlega rofin milli barns og fyrri foreldra, kjörforeldrar halda þá sambandi við foreldra barnsins með ýmsum hætti t.d. senda reglulega myndir, jólakort og gefa almennar upplýsingar um barnið. Þessi tegund ættleiðinga tíðkast í ýmsum löndum. Opin ættleiðing getur haft sína kosti og galla, en með því að foreldrar barns fái upplýsingar um framvindu og líðan barnsins hjá kjörforeldrum geta þau fylgst með hvort barninu líði vel sem hjálpar foreldrum oft í réttlætingarferlinu á því hvort að rétt ákvörðun hafi verið tekin um að láta barnið frá sér. Opinni ættleiðingu fylgja líka gallar, á meðal þeirra eru erfiðleikar við framfylgni ef um ættleiðingu á milli landa er að ræða, en þá getur verið erfitt að halda sambandi við fyrri foreldra vegna hugsanlegs skorts á samskiptamöguleikum í upprunalandi barnsins (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

4.1.3 Að taka skrefið

Að ættleiða barn hentar ekki öllum, þrátt fyrir að flestar rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar sýna að meirihluti einstaklinga eru hlynnt ættleiðingum og telja þær vera af hinu góða er það ekki þar með sagt að ættleiðing henti þeim. Margar erlendar rannsóknir hafa verið framkvæmdar til að kanna fjölda einstaklinga sem íhuga ættleiðingu á móti þeim fjölda sem láta raunverulega verða af því að ættleiða barn. Rannsóknirnar sýna að um 90% þátttakenda hafa gott eða sæmilega gott viðhorf til ættleiðinga og um 80% töldu að uppeldi ættleidds barns væri jafn gefandi og að ala upp sitt eigið (Donaldson, 2002). Rannsóknir sýndu einnig að um 25 til 40% þeirra sem tóku þátt í rannsókn Chandra, Abma, Maza og Bachrach (1999) sögðust hafa íhugað að ættleiða barn. Hinsvegar er raunin sú að einungis lítill hluti þeirra sem íhuga ættleiðingu fara í gegnum ferlið og ættleiða barn. Viðhorf kvenna til ættleiðinga er töluvert jákvæðara en viðhorf karla og hafa fleiri konur en karlmenn íhugað að ættleiða barn (Van Laningham, Scheuble og Johnson, 2012). Ákvörðun um ættleiðingu er því erfið og háð mörgum breytum sem hafa þarf í huga áður en skrefið er tekið. Við ákvörðun þarf að hafa öll atriði í huga um hvað getur tekið við bæði meðan á ættleiðingarferlinu stendur en einnig eftir að barnið er komið heim. Þör þurfa að vera andlega tilbúin til þess að takast á við það sem er í vændum eftir að ákvörðunin hefur verið tekin um að ættleiða barn.

4.1.4 Undirbúningur fyrir væntanlega kjörforeldra

Undirbúningur kjörforeldra er mjög mikilvægur og þurfa þau sem ætla að hefja ættleiðingarferlið að sækja námskeið um ættleiðingu, þau þurfa svo að leggja fram staðfestingu á því að þau hafi sótt námskeið á vegum löggilts ættleiðingarfélags áður en forsamþykki er gefið út. Forsamþykki er samþykki sem sýnir fram á að væntanlegir kjörforeldrar uppfylla öll skilyrði og eru hæfir til að ættleiða og ala upp barn. Markmið námskeiðsins er að vekja væntanlega kjörforeldra til umhugsunar um hvað það er sem bíður þeirra við þá ákvörðun að ættleiða erlent barn. Ýmsar siðferðislegar spurningar tengdar ættleiðingunni og ferlinu sjálfu vakna oft á námskeiðinu en námskeiðið er meðal annars notað til að fara yfir þessar vangaveltur sem kjörforeldrar hafa og aðstoða þau í túlkun og úrvinnslu. Þessum spurningum er öllum svarað og ætti að gera kjörforeldrum betur grein fyrir því hvernig ættleiðingarferlið fer fram. Sálfræðingurinn Lene Kamme hefur sett upp kennslumyndband sem notað er hér á landi þar sem aðstæðum barna sem bíða eftir ættleiðingu er kynnt fyrir væntanlegum kjörforeldrum (Íslensk ættleiðing, e.d.). Slíkt

myndband ætti að gera væntanlegum kjörforeldrum betur grein fyrir því sem framundan er eftir að ættleiðingarferlið fer af stað.

4.1.5 Skilyrði fyrir ættleiðingu á erlendu barni

Ávallt er gætt að því áður en ættleiðing á sér stað að verðandi kjörforeldrar séu hæfir uppallendur og að ættleiðing sé barninu fyrir bestu. Samkvæmt 32. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 skal forsamþykki greina frá því að verðandi kjörforeldrar teljist vera hæfir til að ættleiða barn frá tilteknu landi en einnig að íslensk stjórnvöld taki ábyrgð á barninu um leið og það fer frá heimalandi sínu líkt og það væri íslenskur ríkisborgari. Sýslumaður gefur út forsamþykkið líkt og kemur fram í 1. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Einn helsti kostur við að sýslumaður sjái um að veita forsamþykki er að ef hann synjar umsókn er möguleiki sá að kæra niðurstöðuna sýslumanns til velferðarráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu synjunar. Ráðuneytið ályktar svo í málinu og gefur út endanlegan úrskurð sbr. 33.gr. sömu laga.

Skilyrðin hér á landi fyrir umsækjendur eru mjög svipuð því sem tíðkast í öðrum löndum. Fram kemur í 9.gr. reglugerðar um ættleiðingar að foreldrar þurfa að sýna fram á að andleg og líkamleg heilsa þeirra sé góð, þau mega ekki vera á sakaskrá og þurfa að geta sýnt fram á að þau muni geta séð fyrir barninu, tryggt því öryggi og umhyggju og gott húsnæði. Foreldrar sem hyggjast ættleiða barn þurfa einnig að sýna fram á að efnahagur þeirra sé stöðugur.

Í 2. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 segir að hjón eða einstaklingar sem hafa verið í sambúð í fimm ár geta ættleitt. Einhleypum einstaklingi er heimilt að ættleiða barn ef sérstök ástæða bendir til og ef ættleiðingin sé barninu talin til hagsbóta. Í 5. grein sömu laga kemur fram að einstaklingur sem hyggst ættleiða þarf að hafa náð 25 ára aldri en hinsvegar ef sérstök ástæða bendir til og með leyfi, má sá hinn sami vera yngri, en þó verður hann að hafa náð 20 ára aldri. Sú regla hefur tíðkast hér á landi að umsækjendur séu ekki eldri en 45 ára en þó hafa verið gerðar undantekningar þar á (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005).

4.2 Ættleiðingarferlið – frá umsókn að heimkomu

Sú leið sem þarf að fara við að ættleiða barn getur verið löng og ströng með ýmsum hindrunum. Fyrir flesta reynist þessi leið erfið og reynir hún bæði á andlega og líkamlega þætti.

Leyfi til ættleiðingar þarf að fá hjá sýslumanni en umsókn um forsamþykki til ættleiðingar þarf að berast honum líkt og kemur fram í 1. og 30.gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Það getur tekið allt að 3-6 mánuðir að fá forsamþykki en það gildir tvö ár í senn. Forsamþykkið gefur yfirvöldum í tilteknu landi til kynna að væntanlegir kjörforeldrar eru hæfir til að ættleiða barn frá því tiltekna landi sem samþykkið nær til, og er einungis gefið út fyrir eitt land í einu. Næsta skref er að senda umsókn til erlendra yfirvalda ásamt ýmsum öðrum skjölum sem ættleiðingarfélagið hér á landi aðstoðar með. Við tekur langur biðtími, það er þó misjafnt eftir því til hvaða lands umsóknin var send. Þessi tími getur virst lengi að líða fyrir væntanlega kjörforeldra og mikil streita og eftirvænting getur myndast. Ef allt gengur eftir og umsóknin er samþykkt fá væntanlegir kjörforeldrar upplýsingar sendar um að barn sé í vændum. Í flestum tilfellum eru allar persónuupplýsingar um barnið ásamt mynd látin fylgja með. Í kjölfarið skrifa væntanlegir kjörforeldrar undir skjölin og þar með er öllum helstu þáttum sem tengjast ættleiðingarferlinu lokið. Eftir stendur ánægjulegasti hluti ferlisins sem er að fara í ferðalag í þeim tilgangi að kynnast barninu og koma með það heim. Ættleiðingarfélagið hér á landi aðstoðar fjölskyldur við undirbúning ferðarinnar og boðið er uppá námskeið sem tengist ferðalaginu sjálfu og undirbúning þess (Íslensk Ættleiðing, e.d.).

4.3 Ástæður fyrir ættleiðingu

Ófrjósemi er ein helsta ástæðan fyrir því að ákvörðun um ættleiðingu er tekin og hafa rannsóknir frá Bandaríkjunum sýnt að um 57 % þeirra kvenna sem hafa reynt meðferðir við ófrjósemi, hafa einnig alvarlega íhugað að ættleiða barn (Gumus og Lee, 2010). Önnur ástæða fyrir ættleiðingu er þegar foreldri er komin í annað langtímasamband, en slík ættleiðing er gjarnan kölluð stjúpættleiðing. Það er eins og áður kom fram þegar stjúpforeldri sækir um að ættleiða barn maka síns. Þetta getur átt sér stað þegar annað foreldrið hefur séð um uppeldi barnsins án aðkomu hins, en nokkuð algengt er að stjúpforeldrið ættleiði stjúpbarnið þegar svona stendur á. Sambandið milli stjúpforeldris og barns á sér gjarnan langa sögu og hefur varað frá því að barnið var mjög ungt, í slíkum tilfellum lítur barnið í raun á stjúpforeldrið sem foreldri sitt þrátt fyrir að lögin segi annað.

4.4 Bakgrunnur þeirra sem ættleiða

Einsog áður hefur komið fram eru ýmis skilyrði sem verðandi kjörforeldrar þurfa að uppfylla áður en samþykki er gefið fyrir ættleiðingu. Góður undirbúningur kjörforeldra, menntun og fjárhagslegur stöðugleiki eru helstu skilyrðin en margar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við þessi skilyrði svo hægt sé að hámarka stöðugleika í lífi barns sem og kjörforeldra til lengri tíma (Donaldson, 2002-a).

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem Linville og Lyness (2007) framkvæmdu kemur í ljós að flestar fjölskyldur sem ættleiða eru vel menntaðar og hafa stöðugan bakgrunn, þá sérstaklega hvað varðar stuðning og tengslanet væntanlegra kjörforeldra. Þær telja einnig að jákvæðni og opin samskipti innan fjölskyldunnar séu þættir sem stuðli að betri árangri í skóla og félagslegri hæfni barnsins (Linville og Lyness, 2007). Bakgrunnur kjörforeldra getur haft mikil áhrif á ættleidda barnið en rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem menntun kjörforeldra er meiri þess meiri líkur eru á því að ættleidda barnið mennti sig einnig (Plug og Vijverberg, 2003).

5. Eftir ættleiðingu

5.1 Erfiðleikar eftir ættleiðingu

Mikilvægt er að fyrstu dagar og vikur eftir ættleiðingu fari rólega af stað þannig að kjörbarnið nái að átta sig á aðstæðum. Barnið gerir sér jafnvel ekki grein fyrir því hvert það er komið, af hverju eða hvort það vilji leyfa ókunnugum foreldrum að hugsa um sig. Ráðlagt er að kjörforeldrar ásamt barni haldi sig til hlés fyrst um sinn til þess að leyfa barninu að aðlagast og venjast nýjum aðstæðum í ró og næði. Foreldrar verða að hafa í huga að leggja ekki of mikið á barnið því þótt heim sé komið þá er umhverfi heimilisins algjörlega nýtt og framandi fyrir barnið. Siðir og venjur sem tíðkast á nýja heimilinu geta verið framandi og ólíkar því sem barnið er vant frá heimalandinu, þetta á sérstaklega við um eldri börn. Ef barnið er af erlendum uppruna getur það þurft að kynna nýjum matarvenjum og sjálfsagðir og einfaldir hlutir eins og að ferðast með bíl eða klæðast skóm getur verið nýtt og framandi fyrir kjörbarnið (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

Flest þeirra barna sem eru ættleidd frá öðru landi eru forvitin um uppruna sinn, rannsóknir hafa sýnt að með aukinni þekkingu á uppruna sínum eru minni líkur á að barnið þrói með sér erfiðleika í tengslamyndun (Beckett o.fl., 2008). Börn sjá fljótlega að þau líta öðruvísi út ef þau eru af öðrum kynþætti en foreldrar sínir og vilja fá svör við þeim spurningum sem vakna um ástæður þess að þau eru öðruvísi. (Friedlander, 1999). Friedlander (1999) leggur mikla áherslu á að ættleidd börn kynnist og skilji upprunamenningu sína og þjóðerni en það eru kjörforeldrarnir sem verða að taka ákvörðun um hvort það sé gott fyrir barnið að kynnast upprunalandinu sem það kemur frá eður ei. Hinsvegar skiptir meginmáli að foreldrar hvetji börn sín til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar um uppruna sinn (Friedlander, 1999). Rannsóknir hafa verið framkvæmdar á því hvort þekking ættleiddra barna á upprunalandi sínu hafi áhrif á sjálfsálit. Niðurstöður rannsókna Hawkins og félaga (2007) sýna að þau börn sem hafa ekki kynnst uppruna sínum, hafa minna sjálfsálit og verða frekar fyrir einelti en hjá þeim börnum sem höfðu kynnst uppruna sínum og gátu rætt opinskátt um ættleiðinguna (Hawkins o.fl., 2007).

5.1.1 Þunglyndi

Þrátt fyrir að ættleiðing barns sé tími fagnaðar og gleði fyrir bæði barn og verðandi kjörforeldra getur sú breyting sem á sér stað í lífi þeirra haft áhrif á bæði kjörbarn og kjörforeldra. Svefn kjörforeldra getur til dæmis minnkað ef ættleidda barnið er ungabarn sem er óvært og þarf aðhlynningu á nóttinni. Breytingarnar geta kallað fram þunglyndi og kvíða líkt og hjá öðrum foreldrum sem getur dregið úr hæfni móður til að annast og bregðast við þörfum barnsins. Kjörforeldrar geta fundið fyrir meira álagi og pressu því þau hafa utan ættleiðingarinnar hugsanlega upplifað mikla streitu sem tengist ófrjósemi, ættleiðingarferlinu eða félagslegri gagnrýni (Senecky o.fl., 2009). Ekki er vitað nákvæmlega hvað veldur þunglyndi eftir að barn hefur verið ættleitt en talið er að margir þættir hafa áhrif, aukið álag og streita ásamt því að hlutir svo sem, peningamál, vinna og aðlögun barns geta haft mikil áhrif (Payne, Fields, Meuchel, Jaffe og Jha, 2010). Ólíkt fæðingarþunglyndi hefur þunglyndi eftir ættleiðingu ekki mikið verið rannsakað en talið er að auðveldara sé að meðhöndla þunglyndi eftir ættleiðingar með viðeigandi aðstoð (Senecky o.fl., 2009).

Árið 2009 var framkvæmd rannsókn þar sem skoðuð voru einkenni ættleiðingarþunglyndis og á hvaða tímamarki, eftir ættleiðingu, þunglyndið var algengast. 112 konur á aldrinum 18 til 55 ára, sem höfðu ættleitt eitt eða fleiri börn undir aldrinum eins

árs á síðastliðnum fimm árum tóku þátt í rannsókninni en niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að einkennum ættleiðingarpunglyndis voru tiltölulega algeng. Niðurstöður sýndu að algengast var að konur fundu mest fyrir einkennum þunglyndis fyrstu fjórar vikurnar eftir ættleiðingu eða um 28%. Örlítið dregur úr einkennum á 5-12 viku en eftir 12. viku finna færstar konur fyrir einkennum ættleiðingarpunglyndis eða um 13%. Um 9% þeirra kvenna sem tóku þátt í rannsókninni fundu fyrir miklum einkennum ættleiðingarpunglyndis á öllum þremur tímabilum (Payne o.fl., 2010).

5.1.2 Tengslamyndun

Einn af frumkvöðlum á sviði tengslakenningar er John Bowlby (1973) en hann taldi tengslamyndun milli ungabarns og umönnunaraðila vera nauðsynlega. Tengslakenningar fjalla um þá þörf sem maðurinn hefur til þess að mynda tilfinningatengsl við aðra manneskju. Bowlby taldi þá þörf manneskjunnar líkja við þörfina við að finna fyrir vernd og öryggi. Þau eru frumskilyrði manneskjunnar og eru mikilvæg fyrir þroska og persónuleika. Hann taldi að aðskilnaður barns við umönnunaraðila eða foreldri á fyrsta ári geri það að verkum að barnið finni fyrir streitu og annarri vanlíðan (Bowlby, 1973).

Góð tengslamyndun við foreldra felur í sér að grunnþarfir barns hafa verið uppfylltar. Fyrstu skilaboðin sem börn fá frá foreldrum sínum um tengsl er þegar brosað er til þeirra, því er strokið og gælt er við það. Slík skilaboð eru án orða en barnið tengist foreldrum sínum sterkum jákvæðum böndum. Með því finnur barnið fyrir öryggi og lærir að þekkja eigin tilfinningar og hvernig best er að láta þær í ljós. Aftur á móti ef barnið finnur fyrir ekki fyrir tengslum foreldra er líklegt að það eigi erfitt með að elska bæði sjálft sig og aðra (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1986).

Að ná góðum tengslum milli barns og foreldra þarf vinnu og traust en það er langvarandi ferli þar sem barnið lærir að bera traust til foreldranna en einnig því umhverfi sem það býr í. Eftir því sem tengslin eru betri og meiri verður barnið heilbrigðara og heilsteyptara og þar með auðveldast samskipti við aðra. Þau læra að takast á við erfiðleika og vinna betur úr tilfinningum og áföllum. Fyrstu árin í lífi barns eru mjög mikilvæg hvað varðar tengslamyndun en það er þá sem heilinn örvast og þroskast og persónuleiki barna mótast (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

5.1.3 Tengslamyndun meðal ættleiddra barna

Flest þeirra barna sem eru ættleidd ná að mynda góð tengsl við nýju fjölskylduna sína. Þau ná að þroskast vel og aðlagast nýju umhverfi. Hinsvegar eru sum börn sem eiga í erfiðleikum með að mynda nokkurskonar tengsl og einangra sig frá öllum, sama hversu elskuleg fjölskyldan er gagnvart barninu. Þessi börn hafa að öllum líkindum upplifað mikla vanrækslu, ofbeldi eða hafa dvalið á mörgum stofnunum til lengri tíma áður en því var komið fyrir hjá kjörfjölskyldu (Hughes, 1999).

5.2 Að ættleiða barn með sérþarfir

Ættleiðingar barna með skilgreindar sérþarfir hafa fjölgað töluvert síðastliðin ár og áætlað er að sú þróun muni halda áfram. Öll börn sem eru ættleidd hafa ákveðnar þarfir sem geta verið frábrugðin öðrum börnum en þegar talað er um sérþarfir eru það ýmist börn sem hafa meðfædd líkamleg frávík, hegðunarfrávík eða sjúkdóma (Hrefna Friðriksdóttir, 2011), en einnig teljast eldri ættleidd börn til barna með sérþarfir (Molinari og Freeborn, 2006). Að ættleiða barn með líkamlega eða andlega fötlun getur reynst erfitt fyrir foreldra og því er nauðsynlegt að viðeigandi þjónusta og aðstoð sé til staðar.

5.2.1 Geðrænir erfiðleikar

Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á ættleiddum börnum hafa sýnt ólíkar niðurstöður er varða geðheilsu ættleiddra barna til framtíðar. Sumar hafa sýnt að ekki sé aukið áhætta á geðrænum kvillum hjá ættleiddum börnum á meðan aðrar hafa sýnt fram á aukna tíðni geðrænna vandamála umfram það sem gerist almennt hjá öðrum börnum (Cederblad, Höök, Irhammer og Merke, 1999; Tieman, Van der Ende og Verhulst, 2005). Rannsókn sem framkvæmd var á Íslandi sýnir að þau börn sem dvelja mikið á stofnunum við ungan aldur geta þróað með sér geðræna erfiðleika síðar á æviskeiðinu (Björg Sigríður Hermannsdóttir og Linda Björk Oddsdóttir, 2006).

Í Svíþjóð og Noregi hafa verið framkvæmdar rannsóknir sem sýna ekki marktækan mun á geðheilsu ættleiddra barna og annarra barna (Cederblad o.fl., 1999; Botvar, 1995). Hinsvegar var sambærileg rannsókn framkvæmd í Hollandi og þar kom fram að um 16% ættleiddra barna greindust með kvíðaröskun á meðan samanburðarhópurinn einungis um 11%. Einnig voru ættleidd börn þar tvöfalt líklegri til þess að neyta fíkniefna (Tieman, Van der Ende og Verhulst, 2005). Enn önnur rannsókn sýndi að börn sem voru ættleidd erlendis frá

voru í meiri hættu á að eiga við geðræn vandamál að stríða en börn sem ættleidd voru frá sama landi, þau voru einnig í töluvert meiri hættu á að dragast í slæman félagshóp og þar með læra slæmar venjur, líkt og reykingar eða drykkju (Wannan og Fombonne, 1998).

5.2.2 Fötlun og þroskahömlun

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er samningur sem tryggir það að réttindi allra barna séu virt og að það ber að líta á öll börn sem sjálfstæðan einstakling. Sáttmálinn var fullgildur á Íslandi árið 1992 og hefur hann verið staðfestur mannréttindasamningur í flestum ríkjum. Samningurinn tekur til greina öll börn og má þar á meðal sjá umfjöllum um fötluð börn. Í 23. grein í styttri útgáfu sáttmálans segir meðal annars „Andlega eða líkamlega fötluð börn eiga að búa við aðstæður sem tryggja virðingu þeirra og stuðla að sjálfsbjörg þeirra og virkri þátttöku í samfélaginu. Þau skulu njóta sérstakrar umönnunar, eiga aðgang að menntun, þjálfun, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingu, starfsundirbúningi og tómstundaiðju.“ (Umboðsmaður Barna, e.d.).

Í kringum 1970 voru þau börn sem höfðu alvarlega líkamlega fötlun talin vera óhæf til ættleiðingar og voru þau í fáum tilfellum kynnt til foreldra í ættleiðingarhugleiðingum. Það viðhorf sem myndaðist á þeim tíma um óhæfi barna til ættleiðingar virðist hafa verið byggt á umfjöllun þeirra starfsmanna sem unnu í tengslum við ættleiðingarmál um að þau börn sem hafa alvarlega líkamlega fötlun væri erfitt að ala upp og þar með óæskilegt fyrir kjörforeldra að ættleiða þau. Þessi hugsunarháttur heyrir nú að mestu leyti sögunni til (Waldman og Perlman, 2008). Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að fjöldi ættleiddra barna með fötlun fer vaxandi og hefur aðlögun þeirra í nýjum fjölskyldum gengið vonum framar. Ættleiðingarfélög um heim allan hafa aðlagð og þróað sína starfsemi gagnvart þeim fjölskyldum sem ættleiða barn með fötlun og hefur það gengið vel. Árið 2000 höfðu um 2 milljónir barna í Bandaríkjunum verið ættleidd. Þar af voru fleiri en 150 þúsund barna sem glímdu við einhverskonar fötlun. Algengt var að þessi börn glímdu við andlega fötlun á borð við fósturskaða af völdum áfengisneyslu á meðgöngu (e. fetal alcohol syndrome) eða skaða sem barnið hefur hlotið vegna óhóflegra notkunar á eiturflyfum á meðgöngu (Waldman og Perlman, 2008). Samkvæmt þessum niðurstöðum er ekkert sem bendir til þess að börn sem glíma við fötlun geti ekki átt hamingjusamt líf líkt og önnur börn eins lengi og þau fá aðgang að þeirri þjónustu sem telst vera nauðsynleg til að þroskast á eðlilegan hátt.

Að ættleiða barn með líkamlega fötlun getur verið erfitt. Ýmsar hindranir munu verða á leiðinni en flest börn með líkamlega fötlun komast í gegnum erfiðasta tímabilið og læra að lifa með fötluninni. Þau eiga sér drauma og markmið líkt og önnur börn og það er ekkert sem segir að þau geti ekki lifað hamingjusömu og innihaldsríku lífi. Kjörforeldrar þurfa að sýna gott fordæmi með því að hvetja barnið áfram og hjálpa því að komast í sátt með sitt ástand. Nauðsynlegt er að sýna alltaf ást og umhyggju og kenna barninu að finna fyrir ást. Mikilvægast er að kjörforeldrar gefist aldrei upp þrátt fyrir að framfarir séu litlar eða engar á tímabili (Morris, 1999).

5.3 Ættleidd börn sem fullorðnir einstaklingar

Þegar ættleidd börn hafa náð 18 ára aldri hafa þau samkvæmt 27. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 rétt á því að fá upplýsingar um hverjir kynforeldrar eða fyrri kjörforeldrar þeirra eru. 26. gr. sömu laga greinir frá því að kjörforeldrar útskýri og greini frá því við barn sitt að það sé ættleitt um leið og það hefur náð þroska til að skilja það, en það skal þó ekki gera fyrir en að barn hefur náð sex ára aldri. Á Íslandi hafa síðastliðna þrjá áratugi á annan tug barna verið ættleidd frá öðru landi og mörg þeirra höfðu dvalið á stofnun í mislangan tíma fyrir ættleiðingu. Margar erlendar rannsóknir hafa leitt það í ljós að ættleidd börn geta sýnt þroskafrávik þegar þau verða eldri ásamt því að glíma við ýmis hegðunarvandamál. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að ættleiða yngri börn og reyna eftir fremsta megni að takmarka þann tíma sem þau eru látin dvelja á stofnunum til að forðast erfiðleika sem geta fylgt (Málmfríður Lorange o.fl., 2012).

Mörg þeirra barna sem verða fyrir vanrækslu fyrstu mánuði eða ár lífs síns, hvort sem það er heima hjá foreldrum, ættingjum eða á stofnun, geta átt við erfiðleika að stríða síðar á lífsleiðinni og jafnvel allt sitt líf. Rannsóknir hafa þó sýnt, að börn sem eru ættleidd til vestrænna landa hafa sýnt góðan árangur í bæði félagslegum og líkamlegum þroska. Þroski flestra barna tekur stór skref í rétta átt fái það viðeigandi hvatningu á nýju heimili. Umgengni við önnur börn á sama aldri hefur einnig veruleg áhrif á þroska barna, sama hvort þau séu ættleidd eður ei. Hinsvegar geta ættleidd börn glímt við félagsleg vandamál í nokkurn tíma og barnið gæti þurft á aðstoð sérfræðings að halda til þess að leysa úr þeim erfiðleikum. Barn sem er ættleitt um 2 ára aldur eða seinna getur átt erfiðara með að mynda tengsl við kjörforeldra sína (Pollak, 2003). Nýleg rannsókn sem gerð var á ættleiddum börnum á Íslandi af öðrum uppruna sýnir að þau börn sem eru ættleidd 18 mánaða eða eldri eða hafa verið

búsett fyrstu 18 mánuði lífs síns á stofnun eigi í meiri hættu á að þróa með sér félagslega erfiðleika, svo sem athyglisbrest, ofvirkni eða önnur hegðunarvandamál (Málmfríður Lorange o.fl., 2012).

Samkvæmt nýlegri rannsókn kemur í ljós að ættleiðing er besta úrræðið til þess að hámarka líkur á farsælum þroska hjá þeim börnum sem hafa verið skilin frá foreldrum sínum við fæðingu eða stuttu eftir fæðingu (Johnson, 2002). Einnig hafa rannsóknir sýnt að flest börn sem eru ættleidd sýna fram á eðlilega hegðun og ná að þroskast á eðlilegan hátt fljótlega eftir ættleiðingu þrátt fyrir þær áskoranir sem þau hafa þurft að glíma við fyrir ættleiðingu. Ef öll helstu atriði til þess að þroskast og mynda tengsl eru til staðar á heimilinu munu þau börn sem eiga í erfiðleikum með hegðun í flestum tilfellum ná að sýna betri hegðun þegar fram líða stundir. Samkvæmt niðurstöðum Michael Pollak (2003) um rannsóknir á ættleiddum börnum kemur í ljós að fjöldi ættleiðinga barna af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið í Bandaríkjunum undanfarin áratug en þegar rannsóknin var framkvæmd höfðu um 85% þeirra barna sem voru ættleidd dvalið á stofnun um tíma áður en þeim var komið fyrir hjá kjörfjölskyldu. Niðurstöður Pollak (2003) sýndu að fljótlega eftir að barn yfirgefur stofnun og er ættleitt sýnir það í flestum tilfellum miklar framfarir á þroska bæði við það að læra nýtt tungumál og við það að tengjast fullorðnum og öðrum jafnöldrum sínum. Við gerð rannsóknarinnar reyndi Pollak (2003) meðal annars að komast að því hvaða aldur væri heppilegastur til ættleiðinga þannig að barnið hafi sem mestan möguleika á að sýna fram á bætta hegðun. Niðurstöður sýndu einnig að börn sem eru ættleidd stuttu eftir fæðingu til tveggja ára aldurs myndu ná að þroskast á eðlilegan hátt og eiga í sem minnstum erfiðleikum með að mynda tengsl við aðra einstaklinga (Pollak, 2003). Niðurstöður rannsókna Putter (1998), sem rannsakaði börn ættleidd frá Rúmeníu til Bretlands, bentu hinsvegar til að ef börn voru ættleidd eftir 6 mánaða aldur ættu þau í hættu á að glíma við erfiðleika tengdum þroska og tengslamyndunar til lengri tíma. Hjá þeim börnum sem voru ættleidd fyrir 6 mánaða aldur myndu þessir erfiðleikar ganga til baka að fullu við fullorðinsaldur (Putter, 1998).

6. Stuðningur fyrir kjörforeldra og kjörbarn eftir ættleiðingu

Stuðningur til barna og kjörforeldra skiptir miklu máli bæði í ættleiðingarferlinu sjálfu en einnig eftir að barnið er komið heim til foreldranna. Ekki er hægt að tiltaka eina tegund af stuðningi fremur en aðra fyrir ættleidd börn því eðli málsins samkvæmt eru þarfirnar mismunandi og þá einnig hvert skal leita. Mikilvægt er að stuðningur foreldra til ættleidda barnsins sé stöðugur en hann er þó sérstaklega mikilvægur stuttu eftir ættleiðingu á meðan mesta aðlögunin á sér stað. Þegar að kjörbarnið aðlagast nýju heimili þurfa kjörforeldrar að leiðbeina kjörbörnum sínum á rétta braut um leið og kjörbarnið verður hluti af fjölskyldunni. Þrátt fyrir að margar rannsóknir sýni að flest ættleidd börn nái góðum þroska er nauðsynlegt fyrir þau börn sem ekki ná að aðlagast aðstæðum nægilega vel að fá góðan stuðning. Þessi stuðningur getur komið frá fjölskyldu, vinum og frá fagaðilum. Það að þiggja stuðning getur verið mikilvægt og það skilar sér yfirleitt í ánægðari fjölskyldu (Smith, 2010).

6.1 Stuðningur fyrir kjörforeldra

Stuðningur sem foreldrar ættleiddra barna geta þurft er gjarnan líkt við líflínu kjörfjölskyldunnar þar sem stuðningurinn getur bjargað því sem bjarga þarf. Aðlögun kjörforeldra og kjörbarns hvort að öðru eftir ættleiðingu er mikilvæg. Eins og áður hefur komið fram finna kjörforeldrar oft fyrir vanlíðan, streitu og þunglyndi í kjölfar ættleiðingar, því er mikilvægt að hafa viðeigandi stuðning fyrir kjörforeldra til að aðstoða þá við að takast á við sín vandamál. Þessar tilfinningar stangast á við þá hamingju sem kjörforeldrarnir telja að þeir eigi að upplifa. Stuðningurinn sem um ræðir getur verið andlegur og/eða faglegur. Mikilvægi stuðningsins endurspeglast í þörfinni á því að kjörforeldrar þurfa að geta sinnt því sem næst eðlilegu fjölskyldulífi og standa sig sem góður umönnunaraðili. Margar nýjar kjörfjölskyldur fá mikinn stuðning frá nánustu vinum og fjölskyldu og oft nægir sá stuðningur fyrir margar þeirra. Stuðning er einnig að finna frá samfélaginu, fagfólki eða öðrum kjörfjölskyldum. Helsta markmið með stuðningi er að efla kjörforeldrana til að verða góðir umönnunaraðilar (Steinunn Bergmann, 2010).

Lítið er um rannsóknir tengdum stuðningshópum fyrir foreldra ættleiddra barna og hvort þeir beri árangur. Aftur á móti hafa margar rannsóknir sýnt að almennir stuðningshópar skili árangri. Þær hafa einnig sýnt fram á að helstu kostir stuðningshópa eru m.a. að veita tilfinningalegan stuðning, opna fyrir umræður, félagslegan stuðning og hugmyndir að hugsanlegum úrræðum eru rædd. Stuðningshópar hafa einnig þann kost að

mynda sameiginlegan vettvang þar sem fólk í sömu aðstöðu geta rætt saman, leitað stuðnings hjá hvort öðru og deilt reynslusögum. Sérstök áhersla er lögð á að foreldrar barna með skilgreindar sérþarfir þiggi stuðning í gegnum stuðningshópa en því til stuðnings eru rannsóknir sem sýna að foreldrar sem eru hluti af stuðningshóp finna fljótlega fyrir breytingum á líðan sinni. Sjálfsálit og sjálfstraust verður meira, sektarkenndin minnkar og þau læra að sættast við og lifa með örorku barna sinna (Solomon, Pistrang og Barker, 2001).

6.2 Stuðningur fyrir kjörbörn

Börn sem eru ættleidd þurfa að kynnast nýju umhverfi og nýjum venjum á stuttum tíma og aðlagast nýjum og breyttum aðstæðum. Foreldrar eru helsta stoð og stytta barna sinna rétt eftir að barnið er komið fyrir á nýtt heimili, nauðsynlegt er að foreldrar útskýri fyrir nánustu fjölskyldu um ferli ættleiðingarinnar og tali opinskátt um hvaða erfiðleikar geta myndast. Fyrir utan fjölskyldu eru fleiri aðilar sem geta komið að stuðningi fyrir barnið. Heilsugæslustöðvar bjóða upp á lækniþjónustu sem hægt er að leita til vegna líkamlegrar heilsu. Þar er einnig starfsfólk sem getur leiðbeint foreldrum ef þörf er á annarri þjónustu. Leikskólar og grunnskólar bjóða upp á ýmsa sérfræðiþekkingu sem tengist bæði félagslegum árangri og andlegum þroska. Ef barnið á í erfiðleikum með námsframvindu eða hegðunarerfiðleika eru sérmenntaðir starfsmenn sem geta boðið upp á aðstoð fyrir barnið og foreldrana innan skólans (Carli og Dalen, 2003).

Eftir að barn hefur verið ættleitt frá erlendu landi á sér stað, líkt og áður hefur komið fram aðlögunarferli sem tekur mislangan tíma eftir því hvernig aðstæður barnsins voru í upprunalandinu, hvort það þurfi að læra nýtt tungumál eða vegna annarra ástæðna. Þegar barn byrjar í leikskóla er mikilvægt að það fái góða aðlögun því það er í raun fyrsti aðskilnaðurinn við kjörforeldrana eftir ættleiðingu. Erfitt getur verið fyrir ættleitt barn að vera aðskilið frá kjörforeldrum sínum því það getur enn verið að jafna sig eftir þær erfiðu aðstæður sem það bjó við áður en það var ættleitt (Ættleiðing.is, e.d.). Helsta tegund stuðnings sem börn frá öðrum löndum þurfa tengist nýju tungumáli, nauðsynlegt er að barnið fái þá þjálfun sem það þarf í málnotkun eftir ættleiðingu. Talmeinafræðingar hafa sérhæft sig í að aðstoða börn og unglinga við að ná réttri notkun á hljóðum en íslenska getur verið erfið að læra fyrir börn. Eftir því sem börnin eru yngri við ættleiðingu er auðveldara fyrir þau að ná tökum á tungumálinu en talið er að börn sem eru ættleidd stuttu eftir

fæðingu eiga ekki í miklum erfiðleikum með að læra móðurmálið sem talað er í því landi sem ættleitt er til.

6.3 Hlutverk félagsráðgjafa

Markmið félagsráðgjafa er að finna lausn á vandamálum sem tengjast einstaklingum á persónulegan eða félagslegan hátt. Félagsráðgjafi veitir ráðgjöf til skjólstæðinga og hans meginhlutverk er að veita upplýsingar um þau réttindi og stuðning sem aðilar eiga rétt á í þeim tilgangi að byggja upp sjálfstraust. Félagsráðgjafar hafa menntað sig og fengið reynslu í starfi sínu til þess að nálgast hvern einstakling á heildrænan hátt. Félagsráðgjafi lítur á aðstæður á þeim forsendum að skjólstæðingurinn sé einstakur og lítur á aðstæður hans frá öllum sjónarhornum. Fjölskylda, umhverfi og vinir eru allt áhrifabættir þegar félagsráðgjafi aðstoðar einstaklinga eða hópa. Mikilvægt er að félagsráðgjafi þekki kerfið og löggjöfina á því sviði sem hann vinnur ásamt því að geta unnið þverfaglega og leitað til félagsþjónustunnar og fleiri samstarfsaðila við að finna sameiginlega lausn á vandamálum (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Íslenskir félagsráðgjafar vinna skv. siðareglum en í þeim felast þær skyldur sem félagsráðgjafi ber að uppfylla við starf sitt hverju sinni. Meðal þess sem kemur fram eru frumskyldur, ábyrgðar- og hæfnisskyldur, félagslegar skyldur og systur og bróðurlegar skyldur. Megináhersla þessara reglna er að upplýsa skjólstæðingana, skýra frá réttindum þeirra og koma fram við alla skjólstæðinga af heiðarleika og virðingu (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).

6.3.1 Hlutverk félagsráðgjafa í tengslum við ættleiðingarmál

Félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar sem starfa við ættleiðingarmál þurfa að vera innan handar fyrir foreldra ættleiddra barna með viðeigandi ráðgjöf. Félagsráðgjafi þarf einnig að undirbúa væntanlega kjörforeldra undir þá erfiðleika og vandkvæði sem geta myndast eftir ættleiðingu. Börn sem eiga í hættu á að þróa með sér erfiðleika tengdum þroska eða hegðun þurfa að fá stuðning fljótlega eftir ættleiðingu svo hægt er að vinna úr þeim erfiðleikum á árangursríkan hátt.

Sálfræðingurinn Lene Kamm sem unnið hefur í ættleiðingarmálum í um 20 ár segir frá því á ráðstefnu sem haldin var árið 2007 á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að félagsráðgjafar þurfi meiri kennslu í að gera greinargerð til þess að þeir geti gert sér betur

grein fyrir hvaða hjálpartæki hægt er að nota við gerð hennar og hvaða atriði eru mikilvægust. Greinargerðin er grundvöllur þess að foreldrar fái forsamþykki ættleiðingar og þurfa félagsráðgjafar að vinna mikla nákvæmnisvinnu við gerð hennar. Að hennar mati þurfa allir félagsráðgjafar að geta leitað álits hjá öðrum sérfræðingum ef upp koma vafamál í sambandi við hæfi væntanlegra kjörforeldra. Þeir þurfa að geta myndað sér sjálfstæða skoðun um hæfi foreldranna til að ættleiða barn en þó verður mat þeirra að vera hlutlaust (Íslensk ættleiðing, 2007).

Markmið þeirrar ráðgjafar sem er veitt af fagaðilum og þar á meðal félagsráðgjöfum er að stuðla að betri vellíðan barna og foreldra og þar með sporna við þá neikvæðu þætti úr fortíð ættleiddra barna sem geta fylgt þeim.

7. Íslenskar rannsóknir um ættleiðingar

Nokkrar nýlegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar hér á landi um ættleiðingar. Árið 2006 unnu nemar við sálfræðideild Háskóla Íslands rannsókn á vegum barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Sú rannsókn taldi saman niðurstöður á heilsu og líðan ættleiddra barna á Íslandi og hvort viðeigandi þjónusta væri í boði fyrir bæði ættleidd börn og kjörforeldra. Niðurstöðurnar sem fengust voru mjög svipaðar niðurstöðum erlendra rannsókna en þó voru íslenskir kjörforeldrar jákvæðari í svörum þegar kom að tengslamyndun milli ættleidda barnsins og kjörforeldra. Erfiðleikar við tengslamyndun hjá ættleiddum börnum á Íslandi voru frekar sjaldgæf miðað við rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis. Í ljós kom að tíðni einhverfueinkenna og einkenni athyglisbrests var töluvert hærri hjá þeim börnum sem höfðu dvalið á stofnunum og við slæmar aðstæður. Er það í samræmi við aðrar erlendar rannsóknir. Einnig bentu niðurstöður rannsóknarinnar til að þjónusta og stuðningur fyrir ættleidd börn af erlendum uppruna væri ábótavant og þyrfti að auka (Hrefna Friðriksdóttir, 2011; Björg Sigríður Hermannsdóttir og Linda Björk Oddsdóttir, 2006).

Verið er að vinna að langtímarannsókn sem miðast að börnum á Íslandi sem hafa verið ættleidd frá erlendu ríki. Rannsóknin skoðar m.a. hverjar væntingar foreldra eru og upplifanir þeirra á því hvernig tekið er á móti barninu þegar það kemur til Íslands. Einnig er skoðað hvernig aðlögun barna gengur ásamt aðlögun fjölskyldunnar og hvernig hún nær að aðlagast breyttum aðstæðum við komu ættleidda barnsins. Rannsóknin hófst árið 2002 og er

hún unnin af Hönnu Ragnarsdóttur og Elsu Sigríði Jónsdóttur en áætlað er að rannsóknin muni standi yfir þar til ættleiðdu börnin hafa náð unglingsaldri (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

8. Umræða

Helsta markmið þessarar heimildaritgerðar var að kynnast bakgrunni þeirra fjölskyldna sem hafa ættleitt barn og helstu ástæður þess að ættleiðing sé nýttur sem úrræði. Síðast en ekki síst var fjallað um þá erfiðleika sem geta átt sér stað hjá barni og foreldrum eftir að ættleiðing hefur farið fram og hvernig hlutverk félagsráðgjafa skiptir máli hvað varðar stuðning til kjörfjölskyldunnar.

Að eiga fjölskyldu og vera hluti af fjölskyldueiningu er ein af grunnþörfum mannsins. Eftir að sameiginleg ákvörðun para hefur verið tekin um að eignast barn og reynt hefur verið í eitt ár eða lengur að verða barnshafandi án nokkurra getnaðarvarna er líklegt að einhverja aðstoð þurfi til þess að getnaður eigi sér stað. Þör sem fá þá niðurstöðu að þau geti ekki eignast barn með hefðbundnum hætti verða gjarnan fyrir miklu áfalli sem nauðsynlegt er að vinna úr áður en aðrar ráðstafanir eru gerðar til barneigna. Fyrsta skrefið hjá mörgum þeirra para sem glíma við ófrjósemi er að fara í tæknifrjóvgun. Tæknifrjóvgun er leið til þess að verða þunguð með aðstoð tæknivísindanna. Hinsvegar ber tæknifrjóvgun ekki alltaf árangur og þar sem ferlið sem fylgir tæknifrjóvgun er ansi kostnaðarsamt hafa alls ekki allir tök á því að fara þá leið. Margar ástæður eru fyrir því að þör ákveða að ættleiða barn en ófrjósemi telst vera ein helsta ástæðan.

Markmið ættleiðingar er að veita barni sem skortir viðunandi heimili, fjölskyldu og hlýlegt heimili þar sem foreldrar þess veita barninu ást og umhyggju og að sjálfsögðu þá hvatningu og þann stuðning sem barn þarfnast til að verða sjálfstæður fullorðin einstaklingur. Foreldrar þurfa að sýna mikla þolinmæði gagnvart barninu því barnið þarf að kynnast nýju umhverfi og nýjum aðstæðum á mjög stuttum tíma rétt eftir ættleiðingu og jafnvel þarf barnið að læra nýtt tungumál.

Ekki hafa verið framkvæmdar rannsóknir á Íslandi á bakgrunni þeirra foreldra sem ættleiða. Það að bakgrunnur þeirra sem ættleiða er ekki þekktur vekur upp spurningu í mínum huga um hvort skilyrði þau sem kjörforeldrar þurfa að uppfylla séu ávallt samræmd. Að mínu mati þarf að rannsaka betur bakgrunn kjörforeldra og hvaða áhrif það hefur á

uppeldi kjörbarnsins. Skiptir bakgrunnur þeirra sem ættleiða svo sem fjárhagur, kynhneigð, menntun og heilsa máli til að vera skilgreindir sem hæfir einstaklingar til að ættleiða. Slík rannsókn gæti skýrt betur hvaða kröfur gerðar eru til kjörforeldra. Einnig velti ég því fyrir mér hvort ættleiðingarferlið hér á landi geti verið of íþyngjandi, ferlið er langt og strangt og mörg þeirra para sem hyggjast ættleiða finna á þessu tímabili fyrir miklum væntingum, án þess þó að það sé tryggt að þau uppfylli öll þau stöngu skilyrði sem eru fyrir ættleiðingu, eins getur biðin eftir því að fá barn eftir að öllum skilyrðum ættleiðingarferlisins eru uppfyllt verið löng. Mikil umræða hefur skapast um þessa löngu bið hér á landi og hvað hægt væri að gera til þess að reyna að stytta hana. Þar sem ferlið í tengslum við ættleiðingarmál hér á landi eru ekki þau sömu og í öðrum löndum má leiða að því líkum að það sé meginástæða þess hversu löng biðin er.

Flestar erlendar rannsóknir sýndu að börn sem eru ættleidd um eins árs aldur eða fyrr ná að þroskast á eðlilegan hátt. Börn sem voru eldri en tveggja ára við ættleiðingu eru líklegri til að þróa með sér námsörðugleika og aðra tengslamyndunarerfiðleika en það er þó ekki algilt. Mörg þeirra barna sem dvelja á yfirfullum barnaheimilum eða flakka á milli fósturfjölskyldna fyrsta árið eru í meiri hættu á að þróa með sér þess konar erfiðleika. Tengslamyndun telst vera lífsnauðsynleg en ef hana skortir nær barnið ekki að þroskast nægilega vel og sjálfstraustið verður lítið. Hér á landi hefur ættleiðingarfélagið veitt mikinn stuðning við fjölskyldur til að takast á við þann vanda sem getur myndast hjá ættleiddum börnum eftir ættleiðingu. Starfsemi ættleiðingarfélagsins hér á landi er gríðarlega öflugt og telst vera mjög framarlega á heimsmælikvarða. Hæfir starfsmenn starfa þar ásamt því að þekkingin er mikil sem skiptir miklu máli fyrir nýjar kjörfjölskyldur.

Einelti getur verið áhyggjuefni fyrir foreldra sem ættleiða börn frá öðru landi og af öðrum kynþætti. Þegar útlit og/eða húðlitur er öðruvísi en hjá innfæddum börnum er alltaf möguleiki á því að barnið verði fyrir einhverskonar aðkasti og því er mikilvægt fyrir foreldra að leyfa barninu að kynnast menningu og siðum frá sínu upprunalandi og þróa þar með þekkingu um uppruna til að efla sjálfstraust. Það kennir þeim einnig að útskýra fyrir öðrum að þau eru ekki öðruvísi heldur einungis fædd í öðru landi.

Hafa ber í huga að þrátt fyrir að ættleiðing sé úrræði fyrir þör sem glíma við ófrjósemi er hún fyrst og fremst hugsuð sem samfélagsleg aðstoð sem er ætlað að hjálpa öðrum og

gefa þeim tækifæri á að búa við góðar aðstæður. Fjöldi barna í heiminum þarfnast hjálpar og þar sem ættleiðing hefur verið talin sem ein af áhrifaríkustu leiðum til velfarnaðar barna væri möguleiki á að vekja fleira fólk til umhugsunar um að fara þessa leið. Hægt væri að breyta hugsunarhætti fólks þannig að það líti ekki á ættleiðingu sem úrræði við ófrjósemi heldur einnig leið til þess að hjálpa þeim börnum sem þurfa á henni að halda.

Við gerð þessarar ritgerðar var ætlunin að svara spurningum sem tengjast kjörfjölskyldunni, en innan kjörfjölskyldunnar teljast bæði foreldrar og barn/börn. Helstu niðurstöður mínar eru að ættleiðing er af hinu góða enda sé hún framkvæmd fyrst og fremst í þeim tilgangi að bæta líf þeirra barna sem einhverra hluta vegna ekki búa við góðar aðstæður. Ættleiðing er einnig góður valkostur fyrir foreldra sem ekki geta eignast börn með hefðbundnum hætti og uppfylla þar með drauminn um að eignast barn, sjá um uppeldi þess og gefa því hamingjusamt og innihaldsríkt líf. Eftir að hafa lesið mér til og íhugað ættleiðingarferlið er mín ályktun sú að ættleiðing ber í flestum tilfellum góðan árangur og flest þeirra barna sem eru ættleidd ná að þroskast á eðlilegan hátt sem fullorðnir einstaklingar.

Heimildaskrá

- Aristóteles. (1995). *Siðfræði Níkomakkosar I-II*. (Svavar Hrafn Svavarsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (1986). *Nútíma fólk*. Reykjavík: Sálfræðistöðin.
- ArtMedica. (e.d.). *Forsíða*. Sótt 25.mars 2013 af <http://artmedica.is/>
- Beckett, C., Castle, J., Groothues, C., Hawkins, A., Sonuga-Barke, E. og Colvert, E. (2008). The experience of adoption. The association between communicative openness and self-esteem in adoption. *Adoption & Fostering*, 32, 29-39. Sótt 27. Mars 2013 af <http://search.proquest.com/docview/61510515/13D4A03B3853520C70A/1?accountid=27513>
- Björg Sigríður Hermannsdóttir og Linda Björk Oddsdóttir. (2006). *Hvernig farnast ættleiddum börnum erlendis frá á Íslandi?* Sótt 6. mars 2013 af <http://www.isadopt.is/Info/Ritgerdin.pdf>
- Botvar, P.K. (1995). *Når ost moter vest...: En undersøkelse blant adoptere fra Korea, India og Thailand*. Oslo: Diakonhjemmets hogskolesenter.
- Bowlby, J. (1973). *Separation: Anxiety and anger. Vol II of Bowlby's Attachment and loss Trilogy*. [Rafræn útgáfa]. The Tavistock Institute of Human Relations.
- Brinsden, P. R. (2003). Gestational surrogacy. *Human Reproduction Update*, 9(5), 483-491.
- Cederblad, M., Höök, B., Irhammer, M. og Merke, A. M. (1999). Mental health in international adoptees as teenagers and young adults. An epidemiological study [Rafræn útgáfa]. *Journal of Child Psychology and Psychiatric and Allied Disciplines* 40, 1239-1248.
- Chandra, A., Abma, J., Maza, P. og Bachrach, C. (1999). Adoption, adoption seeking and relinquishment for adoption in the United States [Rafræn útgáfa] *Centers for Disease Control and Prevention*, 306, 1-16.
- Evan B. Donaldson Adoption Institute. (2002). National Adoption Attitudes Survey. Dublin: Dave Thomas Foundation for Adoption and the Evan B. Donaldson Institute.
- Evan B. Donaldson Adoption Institute. (2002-a). *Adoptive parent preparation project. Phase I: Meeting the mental health and development needs of adopted children*. Sótt 28. mars 2013 af http://www.adoptioninstitute.org/publications/2008_02_Parent_Preparation.pdf
- Friedlander, M. L. (1999). Ethnic identity development of internationally adopted children and adolescents: Implications for family therapists. *Journal of Marital and Family Therapy*, 25, 43-60. Sótt 26. mars 2013 af <http://search.proquest.com/docview/220944239/13D4A0A245B65BE8BDE/1?accountid=27513>

- Gumus, G. og Lee, J. (2010). *The ART of Life: IVF or Child Adoption? Institute for the study of labor*: Germany. Sótt 20. mars 2013 af <http://ftp.iza.org/dp4761.pdf>
- Goverde, H. J., Dekker, H. S., Janssen, H. J., Bastiaans, B. A., Rolland, R. og Zielhuis, G. A. (1995). Semen quality and frequency of smoking and alcohol consumption: An explorative study. *Department of gynecology & obstetrics*, Catholic University. Sótt 27. mars 2013 af <http://search.proquest.com/docview/77494343/13D4A0D42394E11826A/1?accountid=27513>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Frumættleiddir eftir kyni, aldri og fæðingarlandi 1996-2006*. Sótt 12.mars 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN07501%26ti=Frum%E6ttleiddir+eftir+kyni%2C+aldri+og+f%E6%F0ingarlandi+1996%2D2006+++++%26path=../Database/mannfjoldi/Fjolskyldan/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Ættleiðingar eftir gerð ættleiðingar og fæðingarlandi*. Sótt 24. mars af 2013 <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN07502%26ti=%C6ttlei%F0ingar+eftir+ger%F0+%E6ttlei%F0ingar+og+f%E6%F0ingarlandi+1996%2D2006+++++%26path=../Database/mannfjoldi/Fjolskyldan/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>
- Hawkins, A., Beckett, C., Castle, J., Groothuys, C., Sonuga-Barke, E., Colvert, E. o.fl. (2007). The experience of adoption: From the child point of view-an exploration of the attitudes of intercountry and domestic adoptees [Rafræn útgáfa]. *Adoption & Fostering*, 30, 5-16.
- Heilbrigðisráðuneytið. (2010). *Áfangaskýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 27. mars 2013 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/Skyrslur/Afangaskyrsla-vinnuhops-um-stadgongumaedrun.pdf>
- Helga Sól Ólafsdóttir. (2006). Ófrjósemi: Lausnir og lífsgæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagssráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 211- 225). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2011). *Ættleiðingar á Íslandi: Í þágu hagsmuna barns*. Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.
- Hughes, D. A. (1999). Adopting children with attachment problems. *Child Welfare*, 75, 541-560. Sótt 2. apríl 2013 af <http://search.proquest.com/docview/213810756/13D4A0F95F63201C7F5/1?accountid=27513>
- Íslensk ættleiðing. (2007). *International Adoptions: Background of children and parents*. Sótt 25. mars 2013 af <http://www.isadopt.is/index.php?a=222>

- Íslensk ættleiðing. (e.d.). *Ferlið*. Sótt 26. mars 2013 af <http://isadopt.is/index.php?p=ferlid>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.). *Fræðsla*. Sótt 25. mars 2013 af <http://isadopt.is/index.php?p=fraedsla>
- Johnson, D. E. (2002). Adoption and the effect on children's development [Rafræn útgáfa]. *Early Human Development*, 68, 39-54.
- Jórunn Elíadóttir. (2010). „...fyrst og fremst venjuleg börn með óvenjulegan bakgrunn...“: Börn ættleidd frá Kína; tengsl við upprunalandið og þekking foreldra á uppruna barnanna. Í Þjóðarspejillinn. Helga Ólafs og Hulda Proppé [ritstjórar]. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Linville, D. og Lyness, A. P. (2007). Twenty american families' stories of adaptation: Adoption of children from Russia and Romanian institutions [Rafræn útgáfa] *Journal of Marital and Family Therapy*, 33, 77-93.
- Lög um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996.
- Lög um ættleiðingar nr. 130/1999.
- Málmfríður Lorange, Kristín Kristmundsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Björg Sigríður Hermannsdóttir, Linda Björk Oddsdóttir og Dagbjörg B. Sigurðardóttir. (2012). Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá. *Læknablaðið*.
- Molinari, D. L. og Freeborn, D. (2006). Social support needs of families adopting special needs children. *Journal of psychosocial nursing & mental health services*, 44, 28-34. Sótt 28. mars 2013 af <http://search.proquest.com/docview/225534307/13D4A14C6E1FB36225/1?accountid=27513>
- Morris, A. (1999). *The Adoption Experience: Families who give children a second chance*. London: Jessica Kingsley Publishers.
- Narad, C. og Mason, P. W. (2004). *International adoptions: myths and realities*. *Pediatr Nurs*, 30(6), 483-487.
- Payne, J.L., Fields, E.S., Meuchel, J.M., Jaffe, C.J og Jha, M. (2010). *Post adoption depression*. *Arch Womens Ment Health*, 13, 147-151. Sótt 24. mars 2013 af <http://search.proquest.com/docview/195063916/13D49C2EA2324B13FEC/2?accountid=27513>
- Pollak, S. (2003). Neglect during infancy can affect children for years, scientists report. Advancing science, serving society. Sótt 1. mars 2013 af <http://www.aaas.org/news/releases/2003/0214neglect.shtml>
- Plug, E. og Vijverberg, W. (2003). Schooling, family background and adoption: Is it Nature or is it nurture. Sótt 24. mars 2013 af http://www.ssc.wisc.edu/wlsresearch/publications/files/_private/Plug-Vijverberg_Schooling.Family.Background.and.Adoption.pdf

Putter, M. (1998). Development catch-up, and deficit, following adoption after severe global early deprivation. English and Romanian adoptees. *Journal of child psychology and psychiatry, and allied disciplines*, 39, 465-476. Sótt 1. apríl 2013 af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/9599775>

Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005.

Reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009.

Senecky, Y., Agassi, H., Inbar, D., Horesh, N., Diamond, G., Bergman o.fl. (2009). Post-adoption depression among adoptive mothers [Rafræn útgáfa]. *Journal of Affective Disorders*, 115, 62-68.

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu-eitt sérfræðisvið. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 33-48). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigrún María Kristinsdóttir. (2009). *Óskabörn*. Salka, Reykjavík.

Símon Jóh. Ágústsson. (1964). *Um ættleiðingu*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Smith, S. L. (2010). Keeping the promise: The critical need for post-adoption services to enable children and families to succeed. Sótt 6. apríl 2013 af http://www.adoptioninstitute.org/research/2010_10_promises.php

Solomon, M., Pistrang, N. og Barker, C. (2001). The benefits of mutual support groups for parents of children with disabilities. *American Journal of Community*, 29, 113-132. Sótt 18. mars 2013 af <http://search.proquest.com/docview/205342444/13D4A17D36B680F086/1?accountid=27513>

Steinunn Bergmann. (2010). „Á misjöfnu þrífast börnin...?. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna. Gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 145-157). Reykjavík: Siðfræðistofnun-Háskólaútgáfan.

Tieman, W., Van der Ende, J. og Verhulst, F. C. (2005). Psychiatric Disorders in young adult intercountry adoptees: An epidemiological study [Rafræn útgáfa]. *American Journal of Psychiatry*, 162(3), 592-598.

Umboðsmaður Barna. (e.d.). *Stutt umfjöllun um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt 5. apríl 2013 af <http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/>

Van Gulden, H. og Bartels-Rabb, L. M. (2007). *Real parents, real children- Parenting the adopted child*. New York: Crossroads.

Ættleiðing.is. (e.d.). *Leikskólinn*. Sótt 22. Febrúar 2013 af http://www.aettleidning.is/index.php?option=com_content&view=article&id=119&Itemid=139